



VBS FJÁRFESTINGARBANKI  
BORGARTÚNI 26  
105 REYKJAVÍK

SÍMI: 570 1200  
FAX: 570 1209  
[VBS@VBS.IS](mailto:VBS@VBS.IS)  
[WWW.VBS.IS](http://WWW.VBS.IS)

## VBS fjárfestingarbanki hf. - endurskipulagning

3. mars 2010

Undanfarna mánuði hefur verið unnið að fjárhagslegri endurskipulagningu VBS fjárfestingarbanka hf. með það að markmiði að hámarka endurheimtur af eignum bankans og tryggja jafnræði meðal lánardrottna hans. Það er skoðun stjórnar bankans að hagsmunum lánardrottna og viðskiptavina sé best borgið með áframhaldandi rekstri bankans og úrvinnslu eigna hans, sem að stærstum hluta felast í útlánum og fullnustueignum.

Stjórn bankans hefur í þessu sambandi óskað eftir því við Fjármálaeftirlitið að skipuð verði bráðabirgðastjórn skv. 100. gr. a. laga um fjármálafyrirtæki nr. 161/2002. Í því felst að núverandi stjórn fer frá og bráðabirgðastjórn tekur yfir hlutverk stjórnar.

Stjórn VBS fjárfestingarbanka lítur á skipan bráðabirgðastjórnar sem áfanga í endurskipulagningu bankans og að í framhaldi verði til arðsamur fjárfestingarbanki í eigu lánardrottna og annarra fjárfesta.